

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík 7. desember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp að breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003
(forgangsocka), 541. mál.**

Elma orkuvíðskipti ehf. (Elma) vísar í umsögn sína um mál nr. 348, frumvarp um breytingu á sömu lögum um raforkuöryggi. Eins og þar kemur fram, er Elma sammála mikilvægi þess að tryggja orkuöryggi og að almenningur og þjónusta í almannabágu njóti forgangs umfram aðra hagsmuni þegar kemur að forgangsöröðun orkuframboðs. Að sama skapi er áréttuð nauðsyn þess, að vinna að heildstæðri orkuöryggisstefnu og auknu og fjölbreyttara framboði, frekar en skömmtun og forgangsöröðun raforku. Að sama skapi vísast í framsögu á fundi sem Elma átti með atvinnuveganefnd fyrr í dag. Elma trúir því að með tilkomu virks skipulagðs viðskiptavettvangs megi koma í veg fyrir þörf á inngripi og skömmtun raforku með þeim hætti sem mælt er fyrir um í báðum frumvörpum sem liggja fyrir Alþingi um breytingu á raforkulögum.

Frumvarpið er sett fram í þeim tilgangi að bregðast við aðstæðum þar sem framboð nægir ekki til að mæta eftirspurn á markaði og sem viðleitni að tryggja raforkuöryggi heimila og minni fyrirtækja við slíkar kringumstæður, enda ekki til að dreifa heimild í núgildandi lögum til inngrips ef grípa þarf til skömmtunar. Gerir frumvarpið ráð fyrir að Landsvirkjun tryggi framboð til annarra en stórnotenda sem nemur sama magni og selt var ári áður. Í greinargerð með frumvarpinu er talað um að stjórnvöld séu samhliða að vinna að lagabreytingum til að tryggja raforkuöryggi. Breyting þessi er því bráðabirgðalausn og ekki ætlað að gilda til lengri tíma. Elma telur nauðsynlegt að stjórnvöld vinni áfram að orkuöryggisstefnu og séu í þeirri vinnu óbundin af tímabundnum bráðabirgðalausnum sem hér eru settar fram.

Inngrip á markaðinn, eins og frumvarpið mælir fyrir um, er bein afleiðing þess að hér er ekki virkur samkeppnismarkaður og að verðmyndun er ógagnsæ og ófyrirsjáanleg. Skýrt verðmerki gefur til kynna ástand á markaði, er nokkurs konar hitamælir sem segir til um stöðuna á honum. Ef til hefði verið virkur, skipulagður viðskiptavettvangur á Íslandi, þá hefði hann um langan tíma gefið skýr merki um að kerfið væri að nálgast þanþol. Verðið hefði hækkað, sem aftur hefði dregið úr eftirspurn og eins kallað á nýsköpun og laðað að fjárfestingu í kerfinu. Meðan við erum ekki með virkan

skipulagðan viðskiptavettvang, sem er eins og hitamælir á ástandið á íslenskum orkumarkaði eru líkur á að við verðum áfram í umhverfi bráðabirgðalaga og skorti á fjárfestingu í kerfinu með tilheyrandi orkuskorti, sem hvorutveggja hefur neikvæð áhrif á orkuöryggi.

Skipulagður virkur viðskiptavettvangur eins og Elma styður við aukna nýtingu orkunnar og þar með orkuöryggi í landinu. Kaupendur raforku á heildsölumarkaði fá vettvang til að endurselja raforku sem er umfram það sem þeir hafa keypt af framleiðendum með langtíma samningum. Þessi möguleiki til sparnaðar er ekki til staðar í núverandi kerfi. Þannig verður til hringrásarhagkerfi með orkukaup sem tryggja besta nýtingu hennar. Hámarksnýting orku sem til er í kerfinu dregur úr eftirspurn og þar með þörf á auknu framboði sem því nemur. Þannig getur betri nýting dregið úr virkjanþörf.

Forsenda þess að markaður starfi eðlilega er traust og næg þátttaka. Þátttakendur á markaði verða að geta treyst því að allir sitji við sama borð hvað varðar aðgengi að upplýsingum á markaðinum og þær upplýsingar sem veittar eru séu réttar og nákvæmar. Elma bendir á að raforkulög fjalla ekki um háttsemi aðila á orkumarkaði né gagnsæi og telur mikilvægt að stjórnvöld vinni að slíkum tillögum að evrópskri fyrirmynd. Að öðrum kosti verður verðmyndun á markaði ekki gagnsæ. Að sama skapi þarf að tryggja að verkmerkið sem verður til á viðskiptavettvangi sé skýrt og til þess þarf nægilegt magn á markaði. Það að skapa traust starfsskilyrði fyrir viðskiptavettvang, þar sem verðmyndun er gagnsæ og verðmerkið skýrt er samfélagslega mikilvægt verkefni sem stjórnvöld ættu að styðja við að erlendri fyrirmynd. Er það enda samdóma niðurstaða þeirra starfshópa sem fjallað hafa um orkumál og stefnu á því sviði undanfarin ár.

Elma hefur þegar fundað með atvinnuveganefnd, en telji nefndin sig þurfa frekari skýringar á einstökum atriðum í umsögninni lýsir Elma sig reiðubúna til þess hvort heldur er skriflega eða á öðrum fundi.

Virðingarfyllst,
f.h. Elma



Herdís Hallmarsdóttir, lögfræðingur